

156. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 26. mars 2008, kl. 11:00 á Hótel Selfossi.

Mætt: Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Kynningarfundur

Farið yfir helstu atriði kynningarfundar sem haldinn verður fyrri aðildarsveitarfélög Sorpstöðvarinnar seinna í dag.

2. Húsnæðismál .

Möguleg breyting á skrifstofuaðstöðu kynnt.

3. Svör aðildarsveitarfélaganna við framhaldi á sameiginlegri svæðisáætlun.

Aðildarsveitarfélög SOS að Hrunamannahreppi undanskildum hafa svarað erindi SOS um staðfestingu á áframhaldandi samstarfssamningi um sameiginlega svæðisáætlun. Svörin eru ekki öll afgerandi en ekkert svaranna er neikvætt. Ákveðið að verða við ósk nokkurra sveitarfélaga um kynningarfund sem haldinn verður 26 mars kl 13:00 Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir svörum í framhaldi kynningar.

4. Svör sveitarfélaganna við sameiginlegu útboði á söfnun endurvinnanlegra efna.

Nú þegar hafa fjögur (u.þ.b. 70 % íbúa) sveitarfélög svarað erindi SOS um þátttöku í sameiginlegu útboði á söfnun endurvinnanlegra efna. Framkvæmdarstjóra falið að kalla eftir útistandandi svörum og ljúka svo útboðsgerð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:55